

Réttargeðdeild

Réttargeðdeild er sérhæfð geðdeild fyrir ósakhæfa einstaklinga með alvarlega geðræna sjúkdóma sem hafa fengið meðferðardóm og verið vistaðir þar í kjölfar alvarlegra afbrota. Á réttargeðdeild fá sjúklingar einstaklingshæfða meðferð og endurhæfingu sem undirbýr þá fyrir að snúa aftur út í samfélagið.

Meðferð og þjónusta

Dómari getur ákveðið að ákærður einstaklingur sé ósakhæfur ef geðlæknir metur að þegar verknaður var framinn hafi hann verið ófær um að stjórna gerðum sínum til dæmis vegna andlegra veikinda. Ósakhæfur einstaklingur er sýknaður af öllum ákærum og þess í stað vistaður á viðeigandi stofnun í flestum tilfellum.

Þessar ákvarðanir byggja á almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Fjallað er um ósakhæfa einstaklinga í 15., 16., og 62. gr. Munurinn á því að vera dæmdur í fangelsi eða inn á réttargeðdeild er aðallega sá að tíminn í fangelsi er tímabundinn en tíminn á réttargeðdeild er ótímabundinn.

Ótímabundinn dómur til dvalar á réttargeðdeild felst í endurhæfingu og það getur tekið fólk mislangan tíma að endurhæfast. Meðferðarteymi og aðrir sérfræðingar meta getu þeirra sem dvelja á deildinni til að takast á við samfélagið á ný. Að lokum er það dómstóll sem tekur ákvörðun hvenær útskrift er tímabær.

Lagaleg staða og réttindi

Dvöl á réttargeðdeild er háð úrskurði dómara en því fylgja réttindi sem mikilvægt er að ósakhæft fólk þekki.

Ef þú dvelur á réttargeðdeild átt þú rétt á að:

- Fá upplýsingar um hvað felst í dómnum og meðferðinni.
- Fá upplýsingar varðandi þína meðferð.
- Koma á framfæri athugasemdum eða spurningum um meðferðina.
- Komið sé fram við þig af virðingu og mannúð.
- Hafa samband við lögmann, lögráðamann eða aðra sem gæta hagsmuna þinna.
- Sækja um rýmkun eftir eins árs dvöl að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Hlutverk réttargeðdeildar

Hlutverk réttargeðdeildar er að tryggja ósakhæfum einstaklingum bestu mögulegu meðferð í öruggu umhverfi og að vinna að bata þeirra með einstaklingsmiðaðri nálgun.

Hverjir dvelja á réttargeðdeild

Peir sem hafa hlotið meðferðardóm vegna refsiverðra brota en eru taldir ósakhæfir vegna alvarlegs geðsúkdóms.

Peir sem eru í afplánun refsivistar en þurfa sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu.

Peir sem koma frá almennum geðdeildum en þurfa meiri öryggisgæslu og sérhæfða meðferð.

Rýmkun frá dómi

Eftir eins árs dvöl á réttargeðdeild eiga sjúklingar rétt á að sækja um rýmkun, samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Forsenda fyrir rýmkun er að hafa náð bata eftir veikindin sem dómurinn byggðist á og að fylgja lækni meðferð sem fram kemur í dómi.

Rýmkunardómur er strangur dómur sem mikilvægt er að fylgja. Þú þarft að fara eftir öllum skilyrðum sem sett eru í dómunum. Ef skilyrðum er ekki fylgt til dæmis ef neysla byrjar, ekki er mætt í viðtöl eða úrræði sem kveðið er á um, þá getur dómurinn fallið úr gildi. Það þýðir að þú þarft að dvelja í meðferð inni á réttargeðdeild í eitt ár til viðbótar áður en nýtt ferli getur hafist.

Rýmkun í skrefum

1. Skilyrði

Þú þarft að hafa dvalið á réttargeðdeild í að minnsta kosti eitt ár. Lögmaður sækir um rýmkun fyrir þig til héraðsdóms.

2. Umsókn

Héraðsdómur tekur við umsókninni og sendir hana til ríkissaksóknara. Héraðsdómari kallar þá eftir gögnum frá réttargeðdeild.

3. Gagnaöflun

Óskað er eftir áhættumati, læknisvottorði, hjúkrunarbréfi, mati sálfræðings, félagsráðgjafa og iðjubjálfa ef þurfa þykir.

4. Meðferð máls

Þegar öll gögn hafa skilað sér til dómsins er kallað til lokaðs þinghalds. Þú velur sjálfur lögmann til að fara með málið. Heimilt er að skipta um lögmann ef þú óskar þess.

5. Úrskurður

Ef rýmkun er samþykkt er rýmkunardómur birtur. Þar koma fram skyldur sem þér ber að hlýða, hvað þú mátt gera og hvað ekki. Þar segir einnig hvenær á að mæta í viðtöl eða meðferð hjá fagteymi, til dæmis viðtal við lækni eða hjúkrunarfræðing, lyfjagjöf og fíkniefnapróf.

